

## 3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Sjávarútvegsráðuneytið, 2. febrúar 1989.*

F. h. r.

**Jón B. Jónasson.**

*Þórður Eyþórsson.*

**REGLUGERÐ****um breytingu á reglugerð nr. 180/1987 um Byggingarsjóð  
verkamanna og félagslegar íbúðir.**

## 1. gr.

25. gr. hljóði svo:

Ef meirihluti íbúðareigenda í byggingarflokki innan byggingarfélags verkamanna, sbr. 83. gr. laga nr. 86/1988, samþykkir við skriflega allsherjaratkvæðagreiðslu að stofna húsfélög í fjölbýlishúsum innan flokksins í samræmi við ákvæði laga nr. 59/1976, skulu húsfélögin taka sameiginlegt viðhald fasteignanna í sínar hendur. Samþykktin tekur gildi við næstu áramót eftir að hún er gerð að því tilskildu að samþykktin hafi verið tilkynnt byggingarfélagi verkamanna með að minnsta kosti þriggja mánaða fyrirvara miðað við áramótin og að við fyrirhugaða gildistöku hennar hafi fjármálavíðskipti byggingarflokksins og félagsins verið gerð upp. Með samkomulagi aðila má þó ákveða annan gildistökutíma en að framan greinir.

Þegar íbúðareigendur í byggingarflokki hafa gert samþykkt samkvæmt 1. mgr. skulu þeir kjósa hlutfallskosningu þriggja manna nefnd til að annast uppgjör fyrir byggingarflokkinn við félagið. Jafnframt skal nefndin hafa með höndum og fylgja eftir uppgjöri milli fjölbýlishúsa-eigenda í flokknum innbyrðis, ef ástæða þykir til að taka upp jöfnunargreiðslur milli þeirra vegna áberandi misvægis í viðhaldi. Takist ekki samkomulag um þetta milli fjölbýlishúsa-eigenda skal nefndin óska eftir því við húsnæðismálastjórn að hún skipi matsmenn til að skera úr ágreiningnum.

## 2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í 83. gr. laga nr. 86/1988, öðlast gildi þegar í stað.

*Félagsmálaráðuneytið, 9. janúar 1989.*

**Jóhanna Sigurðardóttir.**

*Berglind Ásgeirsdóttir.*